

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði fimmtudaginn 11. maí 2017 vegna dómarskýrslu dags. 8. maí 2017, þar sem tilkynnt var um óíþróttamannslega framkomu af hálfu leikmanna KFR-Lærlinga. Annars vegar að leikmenn KFR-Lærlinga hefðu sparkað í boltamóttakara og hins vegar að nafngreindur einstaklingur hefði grýtt kúlu sinni í boltamóttakara. Leitað var skýringa KFR-Lærlinga á dómarskýrslunni sem báðust afsökunar á því að hafa sparkað í boltamóttakara en töldu að leikmaður KFR-Lærlinga hefði ekki grýtt kúlu sinni í boltamóttakara heldur sleppt kúlunni harkalega. Leitað var upplýsinga hjá mótstjóra/aðaldómara kvöldsins sem kvaðst hafa veitt leikmanni KFR-Lærlinga áminningu fyrir að hafa sparkað í boltamóttakara.

Í 4. gr. a. reglugerðar KLÍ fyrir aganefnd kemur fram að veita skuli 2 refsistig fyrir minniháttar óþrúðmannlega framkomu að mati aganefndar.

Að mati aganefndar er það að sparka í boltamóttakara minniháttar óþrúðmannleg framkoma.

Með hliðsjón af því að aðaldómari kvöldsins sá sig tilneyddan til að veita leikmanni KFR-Lærlinga áminningu og framkominni dómarskýrslu er það mat aganefndar að veita skuli Guðlaugi Valgeirssyni, leikmanni KFR-Lærlinga, tvö refsistig.

Úrskurðarorð

Guðlaugi Valgeirssyni veitist hér með 2 refsistig.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar
Hörður Ingi Jóhannsson
Böðvar Már Böðvarsson